

FÉLAGSDÓMUR

Dómur fimmtudaginn 12. febrúar 2026.

Mál nr. 1/2026:

Alþýðusamband Íslands

fyrir hönd VR

(Guðmundur B. Ólafsson lögmaður)

gegn

Samtökum atvinnulífsins

(Ragnar Árnason lögmaður)

Lykilorð

Kjarasamningur. Launahækkunar. Gagnkrafa.

Útdráttur

Ágreiningur aðila laut því hvernig launahækkunar samkvæmt kjarasamningi þeirra skyldu reiknaðar 1. janúar 2026. ASÍ f.h. VR byggði á því að hækka bæri launataxta 1. janúar 2026 um 0,58%, en það samsvarar þeim kauptaxtauka sem launa- og forsendunefnd hafði úrskurðað um í mars 2025. Félagsdómur komst að þeirri niðurstöðu að með kjarasamningnum hefðu aðilar samið með skýrum hætti um hvernig launabreytingum skyldi háttað, þar á meðal hvernig laun skyldu hækka 1. janúar 2026 og hvernig hækkun vegna kauptaxtauka skyldi vera frá og með 1. apríl ár hvert. Ekki væri mælt fyrir um frekari hækkun launa 1. janúar 2026 að teknu tilliti til kauptaxtaukans. Var SA því sýknað af kröfum ASÍ f.h. VR. Fallist var á gagnkröfu SA og viðurkennt að byrjunarlaun afgangslúfólks í verslunum, samkvæmt kjarasamningi, væru frá og með 1. janúar 2026, 481.643 krónur á mánuði.

Dómur Félagsdóms

Mál þetta var dómtekið 3. febrúar 2026.

Málið dæma Ásgerður Ragnarsdóttir, Ásmundur Helgason, Björn L. Bergsson, Karl Ó. Karlsson og Ólafur Eiríksson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, Guðrúnartúni 1 í Reykjavík, fyrir hönd VR, Kringlunni 7 í Reykjavík.

Stefndi er Samtök atvinnulífsins, Borgartúni 35 í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda

- Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að allir launataxtar sem gilda frá 1. janúar 2026 í launatöflu í kjarasamningi VR og SA hækki frá og með 1. janúar 2026 um 0,58 %.
- Til vara er þess krafist að:

- a. Launataxtar samkvæmt kjarasamningi VR og SA taki 5,281% hækkun frá 1. janúar 2026 fyrir almenn afgreiðslustörf í verslun, sérþjálfaða starfsmenn verslana, starfsfólk í afþreyingar- og ferðaþjónustu fyrirtækjum, starfsfólki í gestamóttöku og taxti skrifstofufólks eftir 3 ár í starfsgrein.
 - b. Launataxti fyrir lyfjatakna hækki sem hér segir:
 - i. byrjunarlaun lyfjatakna hækki um 5,084%.
 - ii. eftir 6 mánuði í starfsgrein um 4,897%.
 - iii. eftir 3 ár í starfsgrein um 4,877%.
 - iv. eftir 5 ár í sama fyrirtæki um 4,877%.
 - c. Byrjunarlaun skrifstofufólks samkvæmt launataxta hækki um 4,877%.
- 3 Stefndi krefst jafnframt málskostnaðar úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda

- 4 Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda.
- 5 Stefndi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að byrjunarlaun afgreiðslufólks í verslunum, samkvæmt kjarasamningi aðila frá 13. mars 2024, séu frá og með 1. janúar 2026, 481.643 krónur á mánuði.
- 6 Stefndi krefst jafnframt málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir

- 7 Almennir kjarasamningar stefnanda og stefnda féllu úr gildi 1. febrúar 2024. Aðilar undirrituðu nýjan kjarasamning 13. mars 2024. Kveðið er á um launabreytingar á gildistíma samningsins í 3. grein og er ákvæðið svohljóðandi:

„Laun taka hlutfallshækkun, með krónutöluhækkun að lágmarki, nema annað leiði af launatöflum sem fylgja kjarasamningi þessum. Með mánaðarlaunum er átt við föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu.

1. febrúar 2024: 3,25% eða 23.750 kr.

1. janúar 2025: 3,50% eða 23.750 kr.

1. janúar 2026: 3,50% eða 23.750 kr.

1. janúar 2027: 3,50% eða 23.750 kr.

Kjarasamningi þessum fylgja launatöflur vegna áranna 2024 – 2027, sem eru hluti samningsins.“

- 8 Í 7. grein samningsins var kveðið á um að til að styrkja forsendur og markmið kjarasamninganna muni sérstök launa- og forsendunefnd taka til starfa, skipuð fulltrúum samningsaðila. Samið var um að verkefni nefndarinnar væri að fylgjast með framvindu þeirra þátta í efnahagslífinu sem áhrif gætu haft á markmið samningsins, leggja formlegt mat á forsendur kjarasamningsins og eftir atvikum að semja um

viðbrögð við forsendubresti til að treysta forsendur samningsins og stuðla að því að hann haldi gildi sínu. Umsamið var að mat þetta ætti að fara fram í september 2025 og september 2026.

- 9 Í 8. grein samningsins er meðal annars kveðið á um svonefndan kauptaxtaauka, en þar segir:

„Haldi kjarasamningar gildi sínu skal launa- og forsendunefnd í mars 2025, 2026 og 2027 úrskurða um sérstakan kauptaxtaauka, sýni launavísitala Hagstofu Íslands fyrir almennan vinnumarkað að laun hafi hækkað umfram hækkun lægstu kauptaxta. Bera skal saman hlutfallslega hækkun þeirrar vísitölu og hlutfallslega hækkun 4. lfl. kjarasamninga SGS/Eflingar á sama tímabili. Kauptaxtaaukinn reiknast sem fullt hlutfall umframhækkunar af framangreindum kauptaxta og hækka allir lágmarkskauptaxtar kjarasamninga aðila um það hlutfall frá og með 1. apríl ár hvert.

a) Í mars 2025 skal horfa til hækkunar kauptaxta og þróunar launavísitölu á tímabilinu nóvember 2023 - nóvember 2024.

b) Í mars 2026 skal horfa til hækkunar kauptaxta og þróunar launavísitölu á tímabilinu nóvember 2024 – nóvember 2025.

c) Í mars 2027 skal horfa til hækkunar kauptaxta og þróunar launavísitölu á tímabilinu nóvember 2025 - nóvember 2026.

Komi samhliða til greiðslu framleiðniauka og kauptaxtaauka skv. kjarasamningi þessum skulu lágmarkskauptaxtar kjarasamninga taka þeim auka sem hærri er hverju sinni.“

- 10 Stefndi undirritaði svonefndan Stöðugleika og velferðarkjarasamning við Starfsgreinasambandið (SGS) og Eflingu-stéttarfélag 7. mars 2024. Þar var samið um sams konar launabreytingar, kauptaxtaauka og samningsforsendur og í þeim kjarasamningi sem hér er til skoðunar.

- 11 Í mars 2025 úrskurðaði launa- og forsendunefnd um 0,58% hækkun kauptaxta kjarasamninga frá og með 1. apríl 2025. Niðurstaðan var reist á því að launavísitala hefði frá nóvember 2023 til nóvember 2024 hækkað um 6,51% en viðmiðunartaxti kjarasamnings, 4. lfl. kjarasamninga SGS/Eflingar, á sama tímabili um 5,9%. Útreikningur kauptaxtaaukans er skýrður í fundargerð nefndarinnar með eftirfarandi hætti:

	LVT almenni	4. LFL SGS	LVT almenni	LVT 4. lfl
2023M11	142,8	402.235	100	100
2024M11	152,1	425.985	106,51	105,90

Árshækkun	6,51%	5,90%
-----------	-------	-------

Mismunur*	0,58%
-----------	-------

- 12 Með úrskurðinum varð til nýr lágmarkstaxti og er ágreiningslaust að laun hækkuðu í samræmi við það. Þannig hækkuðu til að mynda byrjunarlaun afgreiðslufólks úr 454.977 krónum í 457.616 krónur, það er um 0,58%.
- 13 Stefndi sendi stefnanda í desember 2025 drög að nýrri launatöflu frá 1. janúar 2026. Þar var meðal annars gert ráð fyrir hækkun byrjunarlauna afgreiðslufólks um 24.027 krónur og skyldi kauptaxtinn hækka úr 457.616 krónum í 481.643 krónur.
- 14 Stefnandi birti launatöflu þar sem byrjunarlaun afgreiðslufólks hækkuðu aftur á móti um 24.166 krónur og voru 481.782 krónur.
- 15 Aðila greinir á um hvernig launahækkarnir skyldu reiknaðar 1. janúar 2026 og hafa tilraunir til að leysa ágreininginn ekki borið árangur.

Málsástæður og lagarök stefnanda

- 16 Stefnandi byggir á því að launa- og forsendunefnd hafi ákveðið að allir launataxtar skyldu hækka um 0,58% frá og með 1. apríl 2025. Við hækkun á launatöxtum með kauptaxtaauka hafi þær krónutölur sem samið hafði verið um í launatöflu riðlast milli ára. Til að launafólk fái kauptaxtaaukann að fullu þurfi að reikna nýja launatöflu fyrir 1. janúar 2026 og sé rétt að sá launataxti sem hafi átt að gilda frá 1. janúar 2026 taki 0,58% hækkun. Sem dæmi hafi umsamin byrjunarlaun í afgreiðslu 1. janúar 2026 verið 479.004 krónur, en séu þau hækkuð um 0,58% nemi launin 481.782 krónum.
- 17 Stefnandi vísar til þess að sé notast við útreikninga sem ekki haldi hlutfallslegum viðmiðum í launatöflum muni árleg hlutfallshækkun þynnast út og leiða til þess að starfsfólk fái ekki kauptaxtaauka að fullu eins og samið hafi verið um. Stefndi miði í sínum útreikningi við laun samkvæmt launataxta SGS og reikni fasta krónutöluhækkun, 23.750 krónur, á launataxta miðað við 1. mars 2025 eftir að 0,58% kauptaxtaaukinn hafi verið lagður við launataxtann. Þannig fái stefndi út að launahækkun eigi að vera 5,25% en ekki 5,281%. Með aðferð stefnda haldi kauptaxtaaukinn, sem sé hlutfallstala, ekki hlutfalli sínu milli ára samkvæmt launatöflum heldur lækki úr 0,58% í 0,55% Við næstu launahækkun 1. janúar 2027 færi hann niður í 0,52% miðað við útreikning stefnda. Komi frekari kauptaxtaaukar til á samningstímabilinu leiði aðferð stefnda til frekari rýrnunar á þeim eða falli að öllu leyti inn í launahækkarnir milli ára samkvæmt launatöflu.
- 18 Stefnandi vísar til þess að í kjarasamningi hafi verið samið um hver umsamin launatala sé samkvæmt launatöxtum frá 1. janúar 2026 og beri því að leggja kauptaxtaaukann við þá tölu. Samið hafi verið um launahækkarnir félagsmanna stefnanda í kjarasamningi aðila og hafi kjarasamningur SGS þar ekkert vægi að því undanskildu

að taka skuli mið af honum við útreikning á kauptaxtaauka. Í niðurstöðu launa- og forsendunefndar hafi verið kveðið á um hækkun allra launataxta í kjarasamningum, en hvergi verið minnst á útreikninga út frá samningi SGS.

- 19 Stefnandi tekur fram að varakrafa hans feli í sér aðra reikniaðferð við hækkun launataxta með kauptaxtaauka sem leiði þó til sömu niðurstöðu í fjárhæðum. Krafist sé viðurkenningar á að launataxtar hækki um 5,281%, 5,084%, 4,897% og 4,877% eftir mismunandi töxtum eins og fram komi í dómkröfu. Krafan byggir á því að þegar samið hafi verið um hækkun launa hafi verið ákveðnar krónutölur í kauptöxtum 1. janúar 2026. Við hækkun á launatöxtum með kauptaxtaauka hafi umsamdar krónutölur riðlast. Til að launafólk fái að fullu kauptaxtaaukann þurfi að reikna nýja launatöflu fyrir 1. janúar 2026 og sé fundið út hlutfall á milli umsaminna launataxta 1. janúar 2025 og 1. janúar 2026. Sem dæmi hafi verið samið um að lágmarkslaun starfsfólks í verslun væru 454.977 krónur 1. janúar 2025 og 479.004 krónur 1. janúar 2026. Hlutfallshækkun sé því 5,281% ($479.004/454.977$) sem sé þá margfölduð með launataxtanum frá 1. janúar 2025. Það leiði til þess að launahækkanir séu mismunandi á milli umsaminna launataxta.
- 20 Einnig sé hægt að nota aðra aðferð sem feli í sér hlutfallshækkun til að finna nýjan launataxta frá 1. janúar 2026. Sem dæmi sé tekin hlutfallshækkun á milli byrjunarlauna og taxta 1. janúar 2026 ($479.004/454.799$) og sú tala margfölduð með launataxta 1. apríl 2025, en þannig sé fundin uppreiknuð launatala frá launataxtanum 1. apríl 2025. Svo dæmi sé tekið fáist 481.782 krónur þegar 479.004 sé deilt með 454.799 og sú tala margfölduð með 457.616. Þannig haldi kauptaxtaaukinn gildi sínu og reiknist sem viðbót við umsaminna launataxta en falli ekki inn í umsamda hækkun. Á þessum grundvelli sé krafist viðurkenningar á að þeim hækkunum launataxta sem greinir í varakröfu.
- 21 Stefndi kveður varakröfuna setta fram til að sýna að hægt er að nota mismunandi reikniaðferðir við hækkun launa þannig að kauptaxtaauki haldi verðgildi sínu þó niðurstaðan verði sú sama.

Málsástæður og lagarök stefnda

- 22 Stefndi vísar til þess að aðalkrafa stefnanda sé reist á því að 0,58% kauptaxtaauki, sem launa- og forsendunefnd úrskurðaði um í mars 2025, sé föst hlutfallstala sem eigi að koma til viðbótar kauptöxtum frá 1. janúar 2026 eins og þeir hafi verið ákveðnir í kjarasamningi aðila. Þessum skilningi sé hafnað.
- 23 Kauptaxtaaukinn hafi verið reiknaður út frá viðmiðunartaxta sem tilgreindur sé í kjarasamningi aðila, það er miðað við hækkun 4. lfl. kjarasamnings SGS/Eflingar á tímabilinu nóvember 2023 til nóvember 2024 og hækkun launavísitölu almenna vinnumarkaðarins á sama tímabili. Með úrskurðinum hafi viðmiðunartaxtinn hækkað samtals um 6,51% eins og launavísitalan á viðmiðunartímabilinu. Kauptaxtaaukinn sé reiknaður sem hlutfallslegur munur á hækkun launavísitölunnar annars vegar og

hækkun kauptaxta SGS/Eflingar hins vegar, það er með formúlunni: $1,0651/1,059-1=0,58\%$.

- 24 Kaup-taxtaaukinn 1. apríl 2025 tengist útreikningi á hækkun tiltekins kauptaxta á tilteknu viðmiðunartímabili og sé reiknaður ofan á hlutfallslega hækkun taxtans á því tímabili. Verði kaup-taxtaaukinn einungis reiknaður á þeim forsendum sem ákvæði kjarasamnings kveði á um, það er sem hlutfallslegur munur á hækkun launavísitölu og hækkun viðmiðunartaxta í kjarasamningi SGS/Eflingar. Ekki sé hægt að slíta aftur í sundur þá heildarhækkun, sem reiknuð hafi verið til að jafna hækkun launavísitölunnar á tilteknu tímabili, og setja kaup-taxtaaukann með annarri aðferðafræði ofan á umsamda kaup-taxta áranna 2026 og 2027, eins og stefnandi krefjist. Kaup-taxtaaukinn tengist sérstaklega útreikningi á tilteknu viðmiðunartímabili samkvæmt kjarasamningi og verði ekki færður í sama hlutfalli ofan á taxa sem tilheyri öðru viðmiðunartímabili.
- 25 Stefndi mótmælir því að kaup-taxtaaukinn rýrni verði ekki fallist á kröfur stefnanda. Með kaup-taxtaaukanum hafi orðið til nýr lágmarkstaxti sem komi í stað umsamins kaup-taxta. Ofan á þennan nýja lágmarkstaxta bætist þær krónutöluhækkanir sem samið hafi verið um í kjarasamningi.
- 26 Stefndi tekur fram að með varakröfu stefnanda sé krafist viðurkenningar á að kaup-taxtar í kjarasamningi eigi að hækka 1. janúar 2026 um hlutfallstölur. Virðist stefnandi byggja á því að þótt samið hafi verið um krónutöluhækkun kaup-taxta milli ára þá verði að líta til þeirrar hlutfallshækkunar sem krónutöluhækkunin hefði gefið og að hlutfallsleg hækkun kaup-taxta, þannig reiknuð, skuli koma til framkvæmda 1. janúar 2026. Með því sé stefnandi í raun að breyta eðli kjarasamningsins úr krónutölusamningi yfir í samning með hlutfallshækkunum. Ekki hafi verið samið við stefnanda um árlega hlutfallslega hækkun kaup-taxta.
- 27 Kjarasamningur aðila kveði á um 23.750 króna hækkun mánaðarlauna. Þannig sé byggt á almennt krónutöluhækkun sem sé útfærð í launatöflum með mismunandi hætti, en ávallt á grundvelli krónutöluaðferðar. Krónutöluhækkun launa hafi verið í fullu samræmi við kröfugerð stefnanda og hafi ekki verið minnst á hlutfallslega hækkun kaup-taxta kjarasamnings í kynningarefni eða skýrslum stefnanda. Stefndi hafi fallist á sömu aðferðafræði vegna hækkunar kaup-taxta og þegar hafi verið samþykkt vegna hækkana launatöflu SGS/Eflingar. Það sjáist einnig af tengingu í kjarasamningi aðila við hækkun launatöflu SGS/Eflingar.
- 28 Samkvæmt svonefndum stöðugleikasamningum frá 7. mars 2024 skyldu laun hækka um 3,25–3,5% á ári, þó að lágmarki um 23.750 krónur. Byrjunarlaun lfl. 4 í kjarasamningum SGS/Eflingar skyldu hækka árlega um 23.750 krónur en samkomulag hafi verið um að hlutfallslegt bil á milli flokka og þrepa í launatöflu myndu haldast óbreytt. Efri flokkar og þrep hafi þar af leiðandi hækkað um hærri krónutölur. Þegar samið hafi verið við stefnanda á sömu forsendum hafi verið horft

til þess hversu mikið kauptaxti í launatöflu SGS/Eflingar, sem hafi verið sambærilegur við byrjunarlaun afgreiðslufólks í kjarasamningi stefnanda, hefði hækkað.

- 29 Áréttað er að með úrskurði um kauptaxtaauka hafi orðið til nýr lágmarkstaxti 1. apríl 2025. Það leiði af eðli máls að hlutfallsleg hækkun taxta 1. janúar 2026, til viðbótar við hinn nýja lágmarkstaxta, verði ekki sú sama og ef sú krónutala hefði komið til viðbótar óbreyttum taxta, enda komi krónutöluhækkunin ofan á hærri grunn.
- 30 Stefndi vísar til þess að hefði ætlunin verið að semja um tiltekna hlutfallslega hækkun kauptaxta, sem ávallt skyldi standa óhöggðu þótt viðbótarhækkunir kæmu á taxta innan ársins, hefði þurft að taka það sérstaklega fram í kjarasamningi eða launatöflum sem honum fylgdu. Ekki sé um eina hlutfallslega hækkun að ræða í launatöflu kjarasamnings. Miðað við túlkun stefnanda ættu kauptaxtar afgreiðslufólks að hækka um 5,281%, grundvallarlaun skrifstofufólks um 4,877% og byrjunarlaun lyfjatakna í apótekum um 5,084%. Það blasi við að mismunandi hlutfallshækkunir skýrist af krónutölunálgun kjarasamninganna en ekki umsömdum hlutfallshækkunum.
- 31 Stefndi bendir á að launatöflur SGS/Eflingar hafi hækkað 1. janúar 2026 um 5,25% vegna hækkunar byrjunarlauna 4. lfl. um 23.750 krónur. Stefndi telji þó að byrjunarlaun afgreiðslufólks eigi að hækka meira, en samkvæmt túlkun hans myndu kauptaxtar hækka 1. janúar 2026 meira en kauptaxtar SGS/Eflingar. Þegar úrskurðað verði um kauptaxtaauka vegna tímabilsins frá nóvember 2025 til nóvember 2026, verði sú staða uppi að kauptaxtar stefnanda muni fá hækkun sem reiknuð sé út frá mismun á hækkun launavísitölu og hækkun kauptaxta SGS/Eflingar á sama tímabili. Það hafi ekki verið markmið samningsaðila, þegar samið hafi verið um tilvísun til kauptaxta SGS/Eflingar, að stefndi myndi njóta sérstaks hagnaðar umfram aðra viðsemjendur við útreikning kauptaxtaauka.
- 32 Stefndi byggir gagnkröfu sína á 53. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Kjarasamningur aðila kveði á um árlega krónutöluhækkun sem nemi í tilviki byrjunarlauna afgreiðslufólks 24.027 krónum. Hækkun kauptaxtans byggi á krónutöluhækkun sambærilegra kauptaxta í launatöflu SGS/Eflingar, það er til samræmis við hækkun mánaðarlauna í 6. lfl. launatöflu SGS/Eflingar og er nánari grein er gerð fyrir útreikningi fjárhæðarinnar í greinargerð stefnda. Þannig byggist hækkun byrjunarlauna í launatöflu afgreiðslufólks á tilteknum umsömdum krónutölum þar sem hlutföll á milli þrepa séu látin halda sér á samningstímanum.
- 33 Samkvæmt framangreindu skuli mánaðarlaun afgreiðslufólks hækka um 24.027 krónur 1. janúar 2026 og verði 481.643 krónur. Til nánari skýringar hafi með úrskurði um kauptaxtaauka orðið til nýr lágmarkstaxti og byrjunarlaun afgreiðslufólks hækkað 1. apríl 2025 úr 454.977 krónum í 457.616 krónur. Þegar umsáminni krónutöluhækkun 1. janúar 2026 hafi verið bætt við þau mánaðarlaun nemi þau 481.643 krónur (457.616 + 24.027). Hækkun stefnanda á taxtanum um 24.166 krónur frá sama tíma sé andstæð kjarasamningnum. Þótt hlutfall milli þrepa afgreiðslufólks

haldist óbreytt þýði það ekki að kjarasamningurinn feli í sér samning um hlutfallslega hækkun kauptaxta.

Niðurstaða

- 34 Mál þetta, sem lýtur að ágreiningi um skilning á kjarasamningi, heyrir undir Félagsdóm samkvæmt 2. tölulið 44. gr. laga nr. 80/1938.
- 35 Með kjarasamningi aðila 13. mars 2024 var samið um launabreytingar á gildistíma samningsins, þar með talið 1. janúar 2026 og 1. janúar 2027. Samkvæmt 3. grein skyldu laun „taka hlutfallshækkun, með krónutöluhækkun að lágmarki, nema annað leiði af launatöflum“ sem fylgdu samningnum og voru hluti hans. Tekið var fram að með mánaðarlaunum væri átt við föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu og var 1. janúar 2026 kveðið á um 3,5% eða 23.750 króna hækkun en ákvæðið er rakið í 7. efnisgrein.
- 36 Samkvæmt 8. grein kjarasamningsins var samið um að launa- og forsendunefnd skyldi í mars 2025, 2026 og 2027 úrskurða um sérstakan kauptaxtaauka, ef launavísitala Hagstofu Íslands fyrir almennan vinnumarkað sýndi hækkun launa umfram lægstu kauptaxta á nánar tilgreindu tímabili. Nánar var mælt fyrir um að bera skyldi saman hlutfallslega hækkun launavísitölunnar og hlutfallslega hækkun 4. lfl. kjarasamninga SGS/Eflingar á sama tímabili. Þá sagði að allir lágmarkskauptaxtar kjarasamninga aðila skyldu hækka um hlutfall kauptaxtaaukans frá og með 1. apríl ár hvert.
- 37 Eins og rakið hefur verið úrskurðaði launa- og forsendunefnd um 0,58% hækkun kauptaxta kjarasamninga frá og með 1. apríl 2025 og hækkuðu laun frá því tímamarki í samræmi við það. Fyrir liggur að byrjunarlaun afgreiðslufólks í verslunum hækkuðu úr 454.977 krónum í 457.616 krónur í samræmi við kauptaxtaaukann, en ekki er ágreiningur um hlutfall kauptaxtaaukans eða útreikning hans.
- 38 Málartilbúnaður stefnanda er reistur á því að hækka beri launataxta 1. janúar 2026 um 0,58%, en það samsvarar þeim kauptaxtaauka sem launa- og forsendunefnd úrskurðaði um í mars 2025. Byggt er á því að annars rýrni kauptaxtaaukinn þannig að launafólk njóti hans ekki að fullu, en krónutölur sem samið hafi verið um í launatöflu riðlist við hækkun á launum vegna kauptaxtaaukans. Haga beri útreikningi með þessum hætti til að laun endurspegli þær hækkanir sem samið hafi verið um í kjarasamningi.
- 39 Til þess er að líta að með kjarasamningi aðila var samið með skýrum hætti um hvernig launabreytingum á gildistíma samningsins skyldi háttað. Launatöflur vegna áranna 2024 til 2027 fylgdu samningnum og töldust hluti hans. Þá var samið um að laun skyldu taka árlegum hækkunum og var meðal annars gert ráð fyrir „hlutfallshækkun, með krónutöluhækkun að lágmarki“ sem skyldi 1. janúar 2026 vera 3,5% eða 23.750 krónur. Jafnframt var samið um hækkun launa frá og með 1. apríl ár hvert í samræmi við úrskurði launa- og forsendunefndar um kauptaxtaauka, svo sem nánar hefur verið rakið.

- 40 Í kjarasamningnum var ekki mælt fyrir um að koma skyldi til frekari hækkunar launa 1. janúar 2026 að teknu tilliti til kauptaxtaauka sem hafði leitt til hækkunar launa frá og með 1. apríl 2025. Verður þannig ekki séð að kröfur stefnanda, sem eru báðar reistar á því að hækka hafi átt laun 1. janúar 2026 um 0,58% fái stoð í samningnum. Þegar af þessari ástæðu verður stefndi sýknaður af aðal- og varakröfu stefnanda, en þrátt fyrir ólíka framsetningu krafanna leiða útreikningar á grunni þeirra til sömu niðurstöðu, svo sem stefnandi hefur bent á.
- 41 Stefndi hefur nýtt heimild 53. gr. laga nr. 80/1938 til að setja fram gagnkröfu án þess að höfða gagnsakarmál. Fyrir liggur að samkvæmt kjarasamningnum og úrskurði um kauptaxtaauka hækkuðu byrjunarlaun afgreiðslufólks frá og með 1. apríl 2025 úr 454.977 krónum í 457.616 krónur. Samkvæmt 3. grein samningsins ber að hækka launin um umsamda krónutölu 1. janúar 2026, en ágreiningslaust er að hækkunin nemur hvað byrjunarlaun afgreiðslufólks varðar 24.027 krónum, samanber launatöflur samningsins. Að þessu virtu verður fallist á gagnkröfu stefnda og viðurkennt að samkvæmt kjarasamningnum nemi byrjunarlaun afgreiðslufólks í verslunum frá og með 1. janúar 2026, 481.643 krónum á mánuði.
- 42 Að virtum úrslitum málsins verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Stefndi, Samtök atvinnulífsins, er sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands fyrir hönd VR.

Viðurkennt er að byrjunarlaun afgreiðslufólks í verslunum, samkvæmt kjarasamningi VR og Samtaka atvinnulífsins frá 13. mars 2024, séu frá og með 1. janúar 2026, 481.643 krónur á mánuði.

Stefnandi greiði stefnda 500.000 krónur í málskostnað.